

**Fundinn sátu:** Jónas Guðmundsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson, Hildur Helga Gísladóttir, Laufey Guðmundsdóttir og Halldór Sævar Guðbergsson. Varastjórn: Hrannar B. Arnarson.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Norrænt samstarf
3. Samningar við Reykjavíkurborg/Fundur fólksins
4. Dagur sjálfboðaliða 5. des. - lærdómur
5. Skráning Almannaheilla sem félags til almannaheilla og á almannaheillaskrá
6. Starfsáætlun Almannaheilla
7. Heimsmarkmiðin, samningur og næstu skref
8. Samfélagsleg nýsköpun
9. Siðareglur
10. Önnur mál

1. Fundargerðin samþykkt.
2. Frekari fundarhöld vegna norræna samstarfsins á vegum Nordic Civil Society Network og fleiri aðila verða í janúar. Kynnt voru gögn frá fundunum í nóvember síðastliðnum, meðal annars myndbönd af viðtölum við nokkra þátttakendur.

Upplýst að Norræna félagið verður 100 ára á næsta ári og mun minnast tímamótanna með ýmsum hætti. Rætt um mögulega aðkomu Almannaheilla að viðburðum sem fyrirhugaðir eru. Rætt um að Norræna félagið verði með sérstakan lið á fundi fólksins haustið 2022 þar sem fjallað verður um samstarf norrænna félagasamtaka og samstarf þriðja geirans yfir landamæri.

Rætt um að Almannaheill þurfi sem fyrst að eiga fund með, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, nýjum samstarfsráðherra Norðurlandanna.

3. Jónas, Ásdís og Hrannar áttu nýverið fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar vegna samningsins um Fund fólksins. Niðurstaða fundarins er að samstarfinu verður fram haldið eins og fyrri samningur gerir ráð fyrir.
4. Nokkur félög minntust Dags sjálfboðaliðans 5. desember síðastliðinn. Hildur Helga skrifaði grein í tilefni dagsins og ýmsar upplýsingar voru birtar bæði á vefsíðu og fésbókarsíðu Almannaheilla. Rætt um að æskilegt væri að hefja undirbúning að deginum fyrir þannig að meiri möguleikar væru á að hvetja almannaheillasamtök til þess að nota tilefnið til þess að draga fram mikilvægi sjálfboðins starfs, bæði í eigin starfi og fyrir samfélagið.
5. Unnið er að skráningu Almannaheilla á almannaheillafélagaskrá og almannaheillaskrá. Rætt um að skýra þurfi vel hvað fellur undir frádráttarbæra styrki til

almannaheillasamtaka. Ekki hefur tekist að fá fund með Skattinum til þess að ræða ýmis álitamál sem Almannaheill telur þörf á.

6. Áfram rædd drög að starfs- og verkefnaáætlun fyrir næsta ár. Fyrirliggjandi áætlun samþykkt.
7. Rætt um samning Almannaheilla við forsætisráðuneytið og Félag Sameinuðu þjóðanna um kynningu á heimsmarkmiðunum og hvað framundan er í framkvæmd hans.
8. Næstkomandi föstudag verður stöðufundur með Vaxandi og fleirum um samfélagslega nýsköpun

Rætt um að Almannaheill noti annað hvort Dag sjálfbæðaliðans eða Dag frjálsra félagasamtaka í febrúar til þess að veita félagasamtökum viðurkenningu fyrir samfélagslega nýsköpun.

9. Rætt áfram um drög að breyttum siðareglum Almannaheilla.

10. Önnur mál

a. Starfsmannamál: Samningur við Stefaníu starfsmann Almannaheilla rennur út um áramótin. Samþykkt að formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri ræði við Stefaníu um framhaldið næsta ár.

Fundi slitið kl. 10:35.

Fundargerð ritaði Árni Einarsson.